

Nö.

171. Nefndarátt

um frumvarp til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að leggja gjald á kvikmyndasýningar og aðrar opinberar myndasýningar, aðrar en málverka- eða teiknisýningar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur eigi rjett að skatta kvikmyndasýningar og aðrar opinberar sýningar, nema málverka- og teiknisýningar, einar sjer. Sama virðist eiga að ganga yfir margar aðrar skemtanir. En vant er að gera upp á milli þeirra í þessu efni. Frv. sjálfu er og frá öðrum hliðum ábótavant. Þar sem nefndin telur hinn bóginn vel fallið, að skattur sje á skemtanir alment lagður, leyfir hún sjer á að bera upp við frumvarpið neðangreindar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Bæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum skal heimilt að leggja skatt til bæjar- eða sveitarsjóðs á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að, svo sem myndasýningar, dansskemtanir, söngskemtanir, leiksýningar o. s. frv.

Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða sveitarstjórn semur og dómsmálaráðherra staðfestir, má undanþiggja skattinum skemtanir, sem haldnar verða í góðgerðaskyni eða í visindalegum eða fræðandi tilgangi, svo og málverka-, höggmynda- og dráttmyndasýningar, enda skeri dómsmálaráðherra úr, ef ágreiningur verður um þetta efni.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Skattur sá, er í 1. gr. getur, má vera mismunandi hár, eftir því hver skemtunin er, en aldrei má hann hærri vera en 20% af aðgöngueyri á skemtun hverja.

3. Við 3. gr.

Greinin orðist svo:

Í reglugerðum þeim, sem í 1. gr. segir, skal kveðið á um tilhögun skattsins, innheimtu og annað, sem þar að lýtur.

4. Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um skemtanaskatt.

Alþingi, 17. maí 1918.

Einar Arnórsson,
form., framsögum.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Þorleifur Jónsson.